

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistara um afhending í Danmörku á póstbögglum frá Íslandi. 4
12. febr.

Með brjefi innanríkisstjórnarinnar, dags. 15. júní 1883 (Stjórnartíðindi B 1883, bls. 71—72), er það ákveðið, að póstbögglar þeir, sem koma frá Íslandi til Kaupmannahafnar og sendandi hefir vottað um, að í þeim sjeu aðeins íslenskar afurðir eða munir, er sendir sjeu til viðgerðar og verði svo endursendir, afhendist póststjórninni þegar í stað af tollstjórninni til afhendingar til viðtakenda.

Í brjefi, dags. 13. f. m., hefir aðalpóststjórnin skýrt stjórnarráðinu frá því, að frá 1. þ. m. verði við afhending póstbögglar frá Íslandi farið eftir framannefndum reglum á öllum tollstöðvum í Danmörku.

Þetta er yður, herra póstmeistari, hjermeð tjáð til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð sjómanna í Vestmannaeyjum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 3. febr. 1909. 5

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

styrktarsjóð sjómanna í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af gjöf frá »Skipaábyrgðarfjelagi Vestmannaeyja«, sem var að upphæð 600 krónur hinn 1. janúar 1908.

2. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að styrkja aldurhnigna eða heilsuþilaða sjómenn, sem lögheimili hafa átt í Vestmannaeyjum að minsta kosti 10 ár samfleytt, og stundað þar sjó jafnlangan tíma, og verið að almenningsálitum reglumenn, og eru þar heimilisfastir þegar styrkur er veittur úr sjóðnum; skal styrkurinn veittur árlega eftir þörf og verðleikum.

3. gr.

Aðalumsjón sjóðsins hefir sýslunefndin í Vestmannaeyjasýslu á hendi, gætir þess að skipulagsskráin sje ekki brotin og gefur hún reglugerð fyrir stjórnarnefndina.